



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Siglufirði, 28. apríl 2016  
Nr. erindis 1604070 / GIB

Efni: Athugasemdir Bæjarráðs Fjallabyggðar við framlagða samgönguáætlun.  
Bæjarráð Fjallabyggðar vill gera eftirfarandi athugasemdir við framlagða samgönguáætlun.

1. Fjármnuni vantar í áætlunina vegna endurbyggingu Bæjarbryggju á Siglufirði. Niðurrekstur stálþils ásamt lögnum og þekju eru styrkt um 75%, en dýpkun um 60%. Kostnaðaráætlun verkefnisins og samningar við verktaka liggja fyrir hjá Vegagerðinni. Niðurrekstur þils og dýpkun lýkur í sumar. Þekja og lagnir verða framkvæmdar árið 2017 og áætlað er að ljúka verkinu í ágúst 2017.

2. Ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum í Skarðsveg í Skarðsdal, sem þarf að lengja vegna færslu á skíðasvæðinu ofar í fjallið. Þetta er tilkomið vegna stjórnvaldsákvörðunar Ríkisvaldsins, þar sem neðsti hluti skíðasvæðisins var skilgreindur á snjóflóðahættusvæði. Ekkert samband var haft við heimamenn varðandi þá ákvörðun. Það liggur fyrir, að það þarf að færa neðsta hluta skíðasvæðisins ofar í fjallið og byggja nýjan skíðaskála.

Kostnaður vegna vegagerðarinnar er áætlaður ríflega 200 mkr. og færsla skíðalyftunnar 60 – 70 mkr. Kostnaður vegna nýs skíðaskála liggur ekki fyrir.

3. Breyta þarf gatnamótum Snorrögötu, Gránugötu og Suðurgötu, en þar eru krossgatnamót og mikil slysaþætta (svartblettur). Vegagerðin er veghaldari Snorrögötu og Gránugötu. Verið er að vinna nýtt deiliskipulag miðbæjarsvæðisins og veg- og gatnahönnun í framhaldi af því. Framkvæmdir vegna breytinganna, sem eru umferðaröryggismál munu vera á árunum 2017 og 2018.

Kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar eru áætlaðar um 80 mkr. Fjallabyggð óskar eftir því að fjármunir verði veittir til verkefnisins árin 2017 og 2018, 40 mkr. á hvoru ári.

4. Þá vill Bæjarráð benda á að flokkun Siglufjarðarhafnar er röng. Árið 2015 var landað yfir 25.000 tonnnum af bolfiski og höfnin ætti því að flokkast sem stór fiskihöfn og vera í flokki I ekki í flokki II.

Bestu kveður að norðan.

  
F.h. Bæjarráðs Fjallabyggðar  
Gunnar I. Birgisson Bæjarstjóri